

Það er efalaust að þjóðfélagsstaða konunnar á undanfórnum öldum varnaði henni menntunar í listum, einkum myndlist. Það var ekki aðeins spurning um það að sækja inn á yfirráðasvæði karlmanna, heldur einnig að yfirstíga þá fordóma sem fylgdu „listamönnum“ gegnum aldirnar. Það er ekki nema von að fáar konur hafi haft þann yfirmannlega kjark sem þurfti til að rjúfa þessi höft og gerast málara.

Fyrsta dæmið sem ég veit um var Artemisia Gentileschi (1597-1651), sem hafði þá sérstöðu að vera dóttir málara og málaði hún í stíl föður síns alla ævi. Sjálfstæðari persónuleiki var Judith Leyster (1609-60), sem gekk í læri til hins fræga Frans Hals og giftist síðan skólafélaga sínum Jan Molnaer. Bæði héldu þau áfram að mála í anda kennara síns, en Judith sýnir í verkum sínum lífleg, sjálfstæð tilbrif.

Feneyska listakonan Rosalba Carriera (1675-1757) átti meiri velgengni að fagna en starfssystur hennar hér að ofan, var mikils metin sem „portrett“ málari í pastellitum, — þótt hún þyki heldur bragðlitið nú á dögum. Hún hafði einnig góðar tekjur af því að mála og selja myndir af kvenfólki sem jafna við það að vera klám.

Eini kvenmaðurinn sem setti mark á enska list fyrir 1900 var

Konudagur

fylgdu hinni hefðbundnu málara-list síns tíma.

En með impressjónismanum komu fram konur sem tóku beint þátt í að móta nýja stefnu og vinna úr henni. Á ég þar við Berthe Morisot (1841-95), og bandarísku listakonuna Mary Cassatt (1844-1926), sem báðar höfðu áhrif á þróun nútíma málara-listar, þótt framlag þeirra vildi oft gleymast við hlíf stóru nafnanna, Monts, Manet, Degas, os.frv. Á þessari öld hafa konur haft sig æ meira í frammi, þótt enn megi finna fordóma sem gera þeim erfitt fyrir.

Vefnaður og boðskapur

Framlag íslenskra kvenna til lista þessa lands hefur haft nær afgerandi áhrif á heildarþróun þeirra og er því sérstaklega ánægjulegt að haldið er upp á kvennaár með listsýningu kvenna í Norræna húsinu þessa dagana. Á þessari sýningu er áberandi og ánægjulegt að sjá hversu fjölbreytnin er mikil. Mest ber á vefnaði, sem er víðeigandi, því ég veit ekki til þess að karlmaður hafi komið nálægt þróun vefnaðar á Íslandi. Er þetta einkennilegt, því í nágrannalöndum okkar má finna frábæra vefara af „sterk-

ara“ kyninu, menn eins og Collingwood í Englandi og Lurcat og fylgismenn hans í Frakklandi, að önefndum mörgum skandinavískum vefurum.

Þótt fjölbreytilegur sé vefnaðurinn á þessari sýningu, er hann í heildina töluvert hefðbundinn, — en það held ég að verði að skrifast á reikning aðstæðna. Asgerður

dóttir og Þorbjörg Þórbjörddóttir. Verk þeirra eru öll vönduð og tjáning þeirra sterk, en einhvern veginn finnst mér að boðskapur þeirra yrði mun áhrifameiri í lithógrafíu eða silkuprenti.

Kvennalist og kraftar

Af málverkum skal fyrst nefna verk tveggja mikilhæfra látinna kvenna, Kristínar Jónsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur. Kvenfólk er oft ásað um „dekoratíf“ kvenleg finlegheit og skreytilist í málun, en verk þessara tveggja kvenna sýna styrk og ákveðni í myndbyggingu og litavali sem á ekkert skylt við of-finlega, óljósa


MYNDLIST



eftir Aðalstein Ingólfsson

áfram að kanna „optísk“ áhrif í tveim „Dúettum“ sínum, þar sem skotmörk máluð í fölum litum titra á bak við strengi sem liggja fyrir framan þau. „Optísk“ list höfðar að visu aðeins til sjónhinnunnar, en Margrét vinnur af mikilli natni á því þrönga sviði. Margrét Elíasdóttir raðar saman misjafnlega stórum postulinsreitum á tréplötu. Á postulíninu eru litil upphleyp mótíf sitt úr hvorri áttinni og heildin verður nýstárleg og „sjarmerandi“ en krefst e.t.v. ekki nægilega mikils af höfundinum. Stærri og fjölbreyttari yrðu myndir hennar reglulega áhrifamiklar.

Sigrún Guðjónsdóttir sýnir mjög vandaðar brenndar leirmyndir, og er tækni hennar sennilega athyglisverðari en mótið, höfuðform sem minna bæði á Kjarval og Miró. En ég efa ekki að Sigrún á eftir að ná merkilegri árangri er hún tekst á við erfiðari þrautir.



Margrét Elíasdóttir: Steinleir

Fórnardýr og lifandi gróður

Af höggmyndum er lítið. Þorbjörg Pálsdóttir á hér verk frá 1969, „Sitjandi telpa“. Er ég aldrei viss um hvort Þorbjörg ætlast til að verk hennar séu skilín táknað, sem einhvers konar fórnardýr, eða hvort hinar holu og tattu figúrur hennar séu einvörðungu persónulegur still, hreinn og beinn. Gerður Helgadóttir á hér gömul verk frá 1961, þar sem hún er að samræma áhrif Lippolds og Pevsners, þeirra myndhöggvara sem hún hefur líklega lært mest af. Ólöf Pálsdóttir á lítinn „útgangshest“ og Guðrún Kristín Magnúsdóttir raðar upp snoturri, „tableau“ sem nefnist „Guðinn Krefi eygir villibráð“, tæpast alvarleg glíma við það viðfangsefni, en skemmtileg tilbreytni samt. Keramik notar einnig Steinunn Marteinsdóttir, og „Jöklar“ hennar eru eins og lifandi gróður upp úr gólfinu, listilega gerðar.

Af öðrum verkum má nefna silkuprent Steinunnar Bergsteinsdóttur, „Þrjár konur“, sem er seria markvissra endurteknings, sem segir í raun meira um stöðu konunnar en baráttuverk vefnaðarkvennanna. Sigrún Jónsdóttir og Katrín H. Agústs- dóttir sýna batikverk, Asdis Thoroddsen sýnir „Silfursmíð“, fagra og smekklega unna gripi, og Högná Sigurðardóttir Anspach sýnir fádæma öryggi og útsjónarsemi í arkitektúr sínum.

Ekki gefst hér tóm til að minnst á allar listakonurnar, en þær eru 44 talsins með samtals 67 verk og miðað við þennan fjölda er heildarsvipur sýningarinnar merkilega góður.



María H. Ólafsdóttir: Ragnarök.

svissneski malarinn Angelica Kauffmann (1741-1807), sem einnig var góð tónlistarkona. Hún komst snemma undir áhrif nýklassismans, og það var höfuð-paur þeirra stefnu, Winckelmann, sem hjálpaði henni að koma sér áfram sem málari. Árið 1766 fór hún til Englands þar sem hún varð fylginnatur málara Reynolds og ásamt honum varð hún einn af stofnmeðlimum Bresku akademiunnar. Hún sérhæfði sig í litlum skreyti- „panelum“ sem prýddu veggj óðalssetra, viðfangsefni hennar voru sögulegs eðlis — en þykja nú heldur mikil skreytilist.

Sú kona sem einna mest áhrif hafði á samtíð sína sem málari var hins vegar franska listakonan Louise Vigée-Lebrun (1755-1842), ljónagáfuð og sterkur persónuleiki, og gáfur hennar og fyndni skína út úr hverri síðu „Minninga“, hennar sem hún skrifaði eftir langa og viðburðaríka ævi. Hún sérhæfði sig í portrettmyndum, sérlega af konum og börnum, sem gefa bestu portrettmyndum þess tíma lítið eftir. En engar þessar konur voru brautryðjendur, þær

Asgerður Búadóttir: Náttkemba


Búadóttir sýnir í „Náttkembu“ sinni þá natni, næmi á litatóna og hugarflug sem búast má við af henni, og Ragna Róbertsdóttir á hér glettilega skemmtilegan „Kartöflukofa“, í sterkum grænum og hvítum litum.

Ása Ólafsdóttir leitar til amerískra indjána-teppa í sköpun „Refa“, sterkt táknað verk, og Anna Þóra Karlsdóttir-bregður á leik með „Háttahillu“ sína, glett- ið verk, en heldur „dekoratíf“. Vigdís Kristjánsdóttir er gamal-reyndur vefari og „Vorhugur“ hennar er þykkt verk sem hvetur til snertingar, þakið leikandi léttum Miró-formum. Hanna G. Ragnarsdóttir vinnur með hreina geómetríu í „Snæblómi“ sínu, en fjölbreytni hennar í áferð og litatónum varnar því að verkið verði „kalt“.

Sigríður Jóhannsdóttir sýnir tvö verk úr hör sem eru full af fingerdum tilbrigðum og þarfnast ljóss eða glugga til þess að hægt sé að njóta þeirra fyllilega. Aðrar vefnaðarkonur á sýningunni fara baráttuleiðina, þ.á.m. Hildur Hákonardóttir, Sigrún Sverris-

„kvennalist“, en bæði kynin hafa gerst sek um slíka veikleika.

Barbara Arnason á hér eina mynd „Frá Þingvöllum“ þar sem hún notar saman vatnsliti, olíu og blekteikningu af miklu öryggi, — grænir litir hennar hafa á sér glóð sem ég hef ekki séð annars staðar. Karen Agnete Þórarinnsson á hér tvær „Hlutamyndir“, sterkar uppstillingar, en e.t.v. einum af yfirvegaðar og María H. Ólafsdóttir sýnir stóra mynd „Ragna-



Ragna Róbertsdóttir: Kartöflukofinn

rök“ sem er þykk og kraftalega máluð, af hringiðuforni með ívafi af kynjadyrum. Björg Þorsteinsdóttir sýnir mynd frá 1973 „Snerting við hlyðþið“, þar sem hún vinnur við að samræma áhrif frá Bacon og geómetríu. Sigríður Björnsdóttir sýnir einnig tveggja ára gömul verk þar sem hún vinnur með spennar skálinur og fremur skrautlega liti. Aðrar konur sína málverk sem mörg hafa verið á sýningum áður.

Grafik, optik

Af teikningum og grafik er lítið og má þar helst nefna grafik Ragnheiðar Jónsdóttur „2001“ og „2003“, sem sýna fljótandi lífræn form, mjög fagmannlega unnin.

Af myndum í öðrum efnum en olíu eru nokkur stykki, meira en gerist og gengur á samsýningum hirlendis og er það gleðiefni, og jafnframt vottur um þá grósku sem einkennir sýninguna sem heild.

Margrét Jóelsdóttir heldur



Steinunn Marteinsdóttir: Jöklar.